

Bt. formanns - Hjálmars Sveinssonar

Í kjölfar kynningar starfsmanna Strætó bs. á fyrirhuguðum breytingum á þjónustu í Ártúnsholti, Árbæ, Selás og Norðlingaholti þann 14.12.2021 fól íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts formanni ráðsins að senda bréf til stjórnar félagsins með ábendingum ráðsins í kjölfar kynningarinnar.

Í samræmi við samgönguáætlun og fyrirhugaða uppbyggingu borgarlínu hafa breytingar á þjónustu Strætó bs. í þessum borgarhluta verið í þróun hjá félaginu undanfarin misseri. Íbúaráðið hefur fengið kynningar á hugmyndum Strætó bs. um mögulegar útfærslur á fyrri stigum og hefur komið ábendingum sínum um það sem ráðið telur að betur megi fara á framfæri jafnóðum.

Ráðið telur jákvætt að komið hafi verið til móts við ýmsar ábendingar sem áður höfðu borist frá því í nýjum hugmyndum sem kynntar voru ráðinu í desember s.l. Má þar nefna að nú er gert ráð fyrir að sérstök borgarlína muni þjóna hverfinu í síðari áföngum línunnar, sem er mikið hagsmunamál fyrir hverfið. Þá verði leið strætó um Rofabæ í stað Hraunbæjar og tenging um Ártúnsholt verði bætt frá fyrri hugmyndum.

Þau atriði sem að mati ráðsins standa enn útaf og mikilvægt er að bregðast við þegar frekari þróun kerfisins í borgarhlutanum eru eftirfarandi:

1. Enn er gert ráð fyrir að einungis ein stoppistöð strætó verði í Norðlingaholti, við Norðlingaskóla í stað ellefu stöðva nú á leið sem hringar holtið. Íbúaráð telur að sú þjónustuskerðing sem fólgin er í fækkun um tíu stöðvar í hverfishluta geti seint talist ásættanleg og aukin tíðni þjónustu geti ekki vegið þar á móti. Sé þessi hugmynd skoðuð nánar er ljóst að íbúar í útjaðri hverfisins munu þurfa að ganga allt að einn kílómetra að einu stoppistöð þess. Slíkt er ekki í samræmi við fjarlægðarviðmið sem kerfið byggir á annars staðar í borginni né heldur til þess fallið að auka notkun íbúa á almenningsamgöngum. Í þessu sambandi mætti að mati ráðsins skoða frekar áframhaldandi hringakstur um hverfið með fækkun stoppistöðva. Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts fer því enn sem fyrr fram á að fundnar verði ásættanlegar lausnir á skipulagi almenningsamgangna í Norðlingaholti, sem tryggji íbúum þar sambærilega þjónustu og öðrum borgarbúum.
2. Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur áður lýst yfir áhyggjum sínum af lélegri tengingu hverfisins við bæði Breiðholt og Grafarvog þar sem íbúum, ekki hvað síst börnum og ungmennum, er ætlað að sækja þjónustu eins og framhaldsskóla, skólahljómsveit, íþróttæfingar ofl. Tenginguna mætti strax bæta að hluta með einfaldri aðgerð sem fælist í að samræma betur tímatöflur leiðar 5 og 12 í því skyni að þær standist betur á í Ártúnsholti (Höfðabakka) þar sem tengipunktur hverfanna er. Að öðru leyti er mikilvægt að skipulag almenningsamgangna í hverfinu taki mið af því hvert íbúum þess er ætlað að sækja þjónustu. Sé slíkt óframkvæmanlegt er mikilvægt að yfirvöld tryggji að nauðsynlega þjónustu sé hægt að sækja innan hverfisins.

F.h. Íbúaráðs Árbæjar- og Norðlingaholts  
*Þorkell Heiðarsson - formaður*